

Hverfisnefnd Naustahverfis
66. fundur, 3. mars. 2015

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:15 – 21:15

Mættir: Gunnar Valur Eypórsson, Greta Huld Mellado, Anna Steinunn Þengilsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Maron Pétursson, Þóroddur Eiríksson.

Fundargerð ritaði Anna Steinunn Þengilsdóttir.

1. Tillögur að framkvæmdum vegna umhverfisátak 2015.

Áfram var rætt um þær tillögur sem nefndarmenn ræddu um á síðasta fundi og kostnað við þær (65. fundur. 17. febrúar 2015). Ákvörðun liggur fyrir og verður hún send til framkvæmdaráðs fyrir 6. mars n.k.

Eftirtaldir tillögur urðu fyrir valinu og þær eru sem hér segir:

- I. Lýsing í brekkuna við Ljómatúnsvöllinn að andvirði um 500.000 krónur.
- II. Bekkir sem settir verða á Ljómatúnsvöllinn og víðsvegar um hverfið að andvirði um 750.000 krónur.
- III. Plöntur í hverfið að andvirði um 750.000 krónur.

2. Lýsing við göngustíg.

Það hefur gleymst að setja lýsingu á göngustíginn frá Ljómatúni yfir hólinn og niður að Kjarnagötu aftan við stóru Brekatúnsblokkina og óskar nefndin eftir því að sú lýsing komi upp hið fyrsta eða að sett upp samhliða því þegar lýsing verður sett upp við Ljómatúnsvöllinn.

3. Upplýsingar um framkvæmdir.

Nefndin óskar eftir upplýsingum frá framkvæmdarráði um fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu við Ljómatúnsvöllinn sem samkvæmt okkar heimildum eru upp á 5 milljónir króna. Einnig er óskað eftir upplýsingum um aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir í hverfinu á árinu..

4. Íþróttahús Naustaskóla.

Eins og flestir vita að þá á nýtt íþróttahús við Naustaskóla að vera tilbúið á vordögum árið 2016. Óskar hverfisnefndin eftir því fá aðgang að íþróttahúsinu fyrir íbúa hverfisins í 2 klukkustundir á laugardagsmorgnum yfir vetrartímann. Hugmynd frá hverfisnefnd er að nefndin fái í samstarf við sig foreldrafélög/ráð Naustatjarnar og Naustaskóla að sjá um þessa tíma og skipulagningu á þeim.

Ekki fleira rætt fundi slitið kl 21:15